

Áskorun Öruggs aksturs til félagasamtaka:

# Haldið fund umöryggismál í eina kvöldstund

„ÉG SKORA á öll félagasamtök í landinu, sem alltaf eru að halda fundi annað slagið, að eyða nú einni kvöldstund í að ræða umferðaröryggi og úrbætur í umferðarmálum og jafnvel ef þeir telja nauðsynlegt að fá sérfróðan mann til þess að halda erindi um þessi mál. Aukin umræða um umferðarmál eykur þá ábyrgðartilfinningu, sem vegfarandinn þarf að hafa.“ Eitthvað á þessa leið mæltist Herði Valdimarssyni, varaformanni Landsambands Klúbbanna Öruggur akstur, á blaðamannafundi sem stjórn landssambandsins boðaði til í gær.

Kristmundur J. Sigurðsson, aðstoðaryfirlögslupjónn í rannsóknarlögreglu og formaður Reykjavíkur-klúbbsins, bætti því við þessa áskorun, að einnig væri þörf þess, að sérhver hópur í þjóðfélaginu ætti að taka mál til sérstakrar umræðu, sérhver fjölskylda ætti að ræða umferðaröryggismál og hinir reyndari ættu að uppfæra hina reynslu sinni. Hann kvað það siðferðilega skyldu hvers einasta félagskapar að gera þessi mál að umræðuefni, hverrar einstakrar fjölskyldu og ekki dygði neitt nema miskunnarlaus áróður fyrir bættari umferðar-



Ljósmynd Sv. Þorm.

Þetta gæti komið fyrir þig — lesandi góður.aktu því með varúð og gætni.

menningu. Kristmundur sagði að enginn tryði því, hve miklar hörmungar og hve mikil sorg fylgdi þeim vágæsti, sem umferðarslys væru, nema hann hefði reynt slíkt persónulega og hann kvað störf þeirra manna, sem ynnu að því að koma á slysstað og vinna þau nauðsynlegu störf, sem hinu opin-

bera ber að láta fram fara, vera orðin yfirþyrmandi.

Stefán Jasonarson, bóndi í Vörðabæ, sem er formaður Landsambands klúbbanna Öruggur akstur sagði að margir skildu ekki, hvað bóndi eins og hann væri að vasast í umferðaröryggismálum, en hann benti á að málið væri ekki

svo einfalt. Bóndi utan af landi gæti kannski verið stórhættulegur í umferðinni, er hann kæmi inn í borgina og jafnt gæti borgarbúinn verið hættulegur við þær aðstæður, sem fólkið úti á landinu byggir við, lausamöl og annað slíkt. Hann kvað 71 ár síðan fyrsti bíllinn kom til landsins, en nú

væru bílar rúmlega 71 þúsund á öllu landinu. Hér hefði ekki átt sér stað þróun heldur bylting. Klúbbarnir eru nú 10 ára. Fyrsti klúbburinn var stofnaður á Ísafirði 1965 en þá hafði á undan, árið 1964, gengið yfir mjög alvarleg slysaalda. Stefán kvað það sorglega staðreynd að þegar haldið væri 10 ára afmæli klúbbanna, riði yfir landið einhver versta slysaalda, sem komið hefði. Þetta sýndi að betur mætti ef duga skyldi og auka þyrfti umferðarfræðslu, umferðarmenningu og þar með umferðaröryggi. Stefán sagði að hann vildi fremur mæta góðum bílstjóra á lélegum bíl, en lélegum bílstjóra á góðum bíl í umferðinni, því að raunin væri sú að öll umferðarslys væru af mannlægum völdum og engum væri unnt að kenna um þau, nema mannum sjálfum.

Ingjaldur Ísaksson, sem er formaður klúbbsins í Kópavogi, kvað aðalkröfu klúbbanna alltaf hafa verið aukin umferðarfræðsla, en því miður hefði verið daufheyrzt við þessari kröfu, þótt reynslan hefði sýnt og sannað að hér hefði verið um mjög brýna ábendingu að ræða. Kvað hann meira að segja svo langt gengið að umferðarfræðsla væri ekki stunduð í Kennaraskólanum. Eina umferðarfræðslan sem stunduð hefði verið væri á vegum lögregluunnar og hefði annast hana Ásmundur Matthíasson. Þá hefðu klúbbarnir einnig krafist bættrar aðstöðu fyrir Bifreiðaeftirlitið og enn væri fjöldi bíla óskoðaður á árinu 1975, sem væri hreint ótækt. Þá kvað hann lítið gert af því að uppfæra gamalt fólk um umferðaröryggi, en visir að því hefði þó hafist í Kópavogi. Hann benti á að í sambandi við umferðarlagabreytinguna yfir í hægri umferð hefði slysatíðni stórlega minnkað. Þá gagnrýndi Ingjaldur einnig umferðarkennslu og kvað hana eiga að fara inn í skólakerfið, í unglingaskólana. Hann kvað dæmi þess að 17 ára unglingar hefði jafnvel fengið öku leyfi eftir einnar kennslustundar nám í akstri og flestir ökumenn Framhald á bls. 23

## Haustsýning FÍM í Norræna húsinu

Sýnir alls um 300 verk í borginni

HAUSTSÝNING Félags íslenzkra myndlistarmanna verður opnuð í kjallara Norræna hússins í dag. Á sýningunni eru 96 verk 50 listamanna, en þar af eru félagsmenn 29 að tölu. Af utanfélagsmönnum eru 9, sem ekki hafa átt verk á haustsýningu félagsins áður. Þeir eru: Brynhildur Ósk Gísladóttir, Gunnar Í. Guðjónsson, Helgi Vilberg, Kjartan Ásmundsson, Óli G. Jóhannsson, Sólveig H. Jónasdóttir, Bragi Hannesson, Steingrímur E. Kristmundsson og Vigfús Heiðar Guðmundsson.

Á sýningunni eru teikningar, graffikmyndir, „collage“ eða klippimyndir, vatnslitamyndir, olíumálverk, vefnaður og höggmyndir.

Þá stendur félagið um þessar mundir fyrir myndlistsýningum á vinnustöðum víðs vegar í borginni, meðan haustsýningin stendur yfir. Tilgangurinn er sá að stuðla að nánara sambandi myndlistarmanna og listunnenda, en verkunum hefur verið komið fyrir á matstofum viðkomandi fyrirtækja, og eru sýningarar ekki opnar almenningi. Á hverjum stað eru verk 1—4 listamanna, sem allir eru félagar í FÍM. Þegar þessi verk eru meðtalin má ætla að alls séu um 300 verk til sýnis í borginni á vegum FÍM.

Haustsýningin í Norræna húsinu verður opið kl. 14—22 daglega til 15. nóvember.

Á fundi, sem stjórn FÍM og sýningarnefnd, héldu með fréttamönnum í gær kom fram sú spurning, hvort eitthvað væri að gerast í Kjarvalsstaðamálinu svokallaða. Hjörleifur Sigurðsson formaður félagsins sagði, að mikill og góður vilji til að leysa deiluna væri fyrir hendi hjá báðum aðilum málsins, og hefðu víðræður um málið farið fram að undanförunu.



Sýningarnefnd FÍM sér um framkvæmd sýningarinnar í Norræna húsinu og þegar við litum þar inn í fyrradag var verið að leggja síðustu hönd á undirbúninginn. — (Talið frá vinstri): Hrölfur Sigurðsson, Ragnheiður Jónsdóttir Ream, Guðmundur Benediktsson, Hringur Jóhannesson og Hallsteinn Sigurðsson. Á myndina vantar Þorbjörgu Höskuldadóttur, Sigurjón Ólafsson og Leif Breiðfjörð.



## Night and day.

Stráufria sængurfataefnið er nú fyrirbyggjandi í mörgum mynztrum og litum. Einnig í saumuðum settum. Kærkomin gjöf, hverjum sem hlýtur. Sparið húsmóðurinni erfitt verk, sofið þægilega og lifgið upp á litina í svefnherberginu. Reynið Night and Day og sannfærizt.



Samband íslenzkra samvinnufélaga  
**Innflutningsdeild**  
Sambandshúsið Rvík sími 28 200